


Núgildandi deiliskipulag fyrir Einarsnes, hvað varðar Bauganes 5 Mkv.1:500




Breyting á deiliskipulagi fyrir Einarsnes, hvað varðar Bauganes 5 Mkv.1:500

—·—·—·— Afmörkun deiliskipulagsbreytingar

- - - - - - Stækkun byggingarreits

▒ Viðbyggingar innan byggingarreits




Aðalskipulag Reykjavíkur 2001 - 2024

Deiliskipulagsbreyting þessi var í kynningu, skv. 26. gr. laga nr 73/1997 m.s.br. frá 19. maí 2005 til 16. júní 2005.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem grenndarkynnt hefur verið skv. 2. mgr. 26. gr. sbr. 7. mgr. 43. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 var samþykkt í skipulags- og byggingarnefnd þann 22. júní 2005

e.u. Ágústa Sveinbjörnsdóttir

Auglýsing um breytingu deiliskipulags var birt í B - deild Stjórnartíðinda þann ____________ 2005

Borgarsjóður tekur að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

**BAUGANES 5 - Landnr.106800, Staðgreinir 1672012 - SKILMÁLAR:**

Núverandi íbúðarhús að Bauganesi 5 er byggt 1932. Húsið er bárujárnsklætt timburhús, hæð og ris, og steyptur kjallari. Lóðin Bauganes 5 er eignarlóð.

Með deiliskipulagsuppdrætti þessum er veitt heimild til að byggja við núverandi íbúðarhús, annars vegar til norð vesturs og hins vegar til norð austurs. Viðbyggingarnar skulu vera innan afmarkaðs byggingarreits. Hæðarsetning skal vera í samræmi við skýringarmyndir. Viðbygging til norð vesturs verði kjallari og ein hæð með mænisþaki með sama þakhalla og núverandi hús. Nýting þessarar viðbyggingar verði anddyri á 1. hæð og stækkun tómstundarýmis í kjallara. Viðbygging til norð austurs verði kjallari og ein hæð með flötu þaki, þakverönd. Nýting þessarar viðbyggingar verði eldhús á 1. hæð og þvottahús og gufubaðstofa í kjallara.
Kjallari viðbygginga verði steinsteyptur og hæð og mænisþak bárujárnsklædd. Haldið skal heildarsvip hússins með því að samræma efnis- og litaval viðbygginga núverandi húsi.
Auk áður nefndra viðbygginga er heimilt að byggja steyptar útitröppur og timburpall innan byggingarreits. Utan byggingarreits, til norð austurs er heimilt að byggja timburstiga frá palli, auk steyptra kjallaratrappna í líkingu við það sem skýringamyndir sýna.

| Núverandi stærðir: | | Samkvæmt breyttu deiliskipulagi: | |
|---|---|---|---|
| Brúttóflötur alls | 167,8 m² | Brúttóflötur alls | 217,3 m² |
| Lóðarstærð | 735,0 m² | Lóðarstærð | 735,0 m² |
| Nýtingarhlutfall | 0,228 | Nýtingarhlutfall | 0,296 |




Skýringamyndir

Mkv.1:200

## Breyting á deiliskipulagi fyrir Einarsnes, hvað varðar Bauganes 5

Reykjavík 9. maí 2005

PÉTUR ÖRN BJÖRNSSON ARKITEKT FAÍ kt. 100455 - 3159
ARKITEKTAHÖNNUN ehf. TÚNGÖTU 14, 101 REYKJAVÍK - S / FAX 551 0160 - NETFANG arkhonn @ mi.is